

Ed.

169. Frumvarp til laga

[35. mál]

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi*: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi*: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi*: Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og *Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi*.
4. *Barðastrandarumdæmi*: *Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu*.
5. *Ísafjarðarumdæmi*: *Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu*.
6. *Húnaþingsumdæmi*: Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
7. *Skagafjarðarumdæmi*: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrökur og Siglufjörður.
8. *Eyjafjarðarumdæmi*: Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
9. *Þingeyjarþingsumdæmi*: Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
10. *Austurlandsumdæmi*: *Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði*.
11. *Austur-Skaftafellssýsluumdæmi*: *Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði*.
12. *Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi*: *Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu*.
13. *Rangárvallaumdæmi*: Rangárvallasýsla að *Austur-Eyjafjallahreppi*.
14. *Selfossumdæmi*: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar
15. *Laugarásumdæmi*: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grimsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralækna skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralækna í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.